


Fráveita, efnistaka og sorpförgun

Fráveita



Frá árinu 1985 hafa átt sér stað gagngerar endurbætur á aðalholræsakerfi borgarinnar og var hreinsistöðin og útræsið við Ánanaust tekið í notkun árið 1998. Hreinsistöðin tekur við skólpi frá suðurhluta Reykjavíkur, Seltjarnarnesi, Kópavogi og stærstum hluta Garðabæjar.



Nú stendur yfir bygging á hreinsistöð og útræsi við Klettagarða sem verður tekið í notkun árið 2002. Það mun taka við skólpi frá norðurhlutum borgarinnar. Fallið verður frá byggingu hreinsistöðvar og útræsis á norðanverðu Geldinganesi, sem greint var frá í Aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 – 2016. Þess í stað mun fyrirhuguð dælustöð við Gufunes tengjast hreinsistöðinni við Klettagarða. Gatnamálastjórnin í Reykjavík hefur umsjón með fráveitu.



Efnistökusvæði

Á sunnanverðu Geldinganesi, á fyrirhuguðu hafnarsvæði, er starfrækt stórgrýtis- og efnisnáma. Á árinu 1997 fór fram mat á umhverfisáhrifum efnisnámu en staðarval hennar ræðst af atriðum eins og hagkvæmni og hagræði sem sjóflutningar hafa um fram landflutninga og að með þessu er þungaflutningum létt af gatnakerfinu. Efnid er notað í hafnarframkvæmdir, svo sem brimvarnargarða og sjóvarnir á vegum Reykjavíkurhafnar. Núverandi leyfi til grjótnáms og efnistöku í Geldinganesi, útgefið 16. apríl 2002 af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, varir til 16. apríl 2012. Efnistökusvæðið mun í framtíðinni falla inn í mótun landsins með tilkomu hafnarsvæðis í Eiðsvík.

Efnistaka úr malarhjólum hefur verið stunduð um áratugaskeið af einkaaðilum á Kjalarnessvæðinu. Náurnar eru við Norðurkot, Varmadal og í Esjubergi. Náman við Esjuberg er stærst að umfangi, eða um 36 ha.

Áður en Geldinganesið er tekið undir hafnarsvæði er gert ráð fyrir efnistöku á nesinu, m.a. í landfyllingar við Gufunes og Ánanaust. Ekki er gert ráð fyrir annarri efnistöku innan borgarlandsins þar sem lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/ 2000 og reglugerð um sama nr. 671/ 2000 gilda.

Ekki er heldur fjallað um efnistöku úr sjó en með lögum frá 1990 hefur iðnaðarráðuneytið heimilað einkaaðila efnistöku, næstu tvo áratugi, úr hafsbotninum utan netalagna á Kollafirði og Sundunum án samráðs við Reykjavíkurborg.

Sorpförgun



Frá árinu 1991 hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu átt samstarf við sorpflokkunar- og förgunarstöðina Sorpu. Urðunarstaður Sorpu er á Álfsnesi og er gert ráð fyrir að sorp verði urðað í 30 ha lands fram til ársins 2014. Ákvörðun um staðsetningu á urðunarstað eftir 2014 verður tekin innan nokkura ára.

Áður en urðun fer fram er úrgangur flokkaður og pressaður í flokkunarstöðinni í Gufunesi. Urðuð eru um 300 tonn á dag af heimilis- og iðnaðarúrgangi en um 27% af úrgangi er endurnýttur. Stefna Reykjavíkurborgar í sorpmálum er að minnka sorpmagn með hagsmuni náttúrunnar að leiðarljósi.

Í aðalskipulaginu er ekki gert ráð fyrir uppbyggingu á Álfsnesi fyrr en eftir árið 2024.

Jarð- og byggingarefni sem til fellur við framkvæmdir

Verulegt magn jarð- og byggingarefna fellur til á hverju ári við framkvæmdir í borgarlandinu. Alls má áætla að þetta efni sé um 200–300 þúsund m³ á ári. Unnið er að markvissri móttöku og nýtingu þessara efna til landgerðar og við ýmsan umhverfisfrágang.